

Akademískt frelsi¹

Guðmundur Heiðar Frimannsson, prófessor við kennaradeild HA

Útdráttur

Í greininni er fjallað um akademískt frelsi og leitast við að skýra það og hlutverk þess. Farið er nokkrum orðum um hlutverk háskóla til að gera grein fyrir bakgrunni akademísku frelsis. Gerður er greinarmunur á tjáningarfrelsi og akademísku frelsi og því haldið fram að þessar tvær frelsisreglur séu röklega óháðar hvor annarri. Sömuleiðis verður að skilja á milli þröngs og víðs skilnings á akademísku frelsi. Í greininni er leitast við að skýra akademískt frelsi þröngt þannig að það nái einungis til þeirra sem starfa við háskóla og uppfylla tilteknar þekkingarkröfur og starfa þeirra við þá. Leitast er við að rökstyðja að hafna beri víðum skilningi á akademísku frelsi, að akademískar kröfur eigi við á vettvangi samfélagsins. Skoðað er dæmi þar sem til álita kemur að beita víðum skilningi en því hafnað. Að lokum er því haldið fram að í háskólum sé óhjákvæmilegt að stunda rannsóknir á sviðum sem gagnast ekki umhverfinu í þröngum skilningi en eru mikilvæg í starfsemi háskóla og fyrir þá sem rannsaka og kenna á þessum sviðum. Þessi fræðaiðkun getur einnig komið samfélaginu til góða.

Efnisorð: Akademískt frelsi, tjáningarfrelsi, hlutverk háskóla

Academic freedom

Abstract

In this article academic freedom is examined and an attempt made to elucidate and explain its content. The function of universities is discussed to set the context for academic freedom. A distinction is drawn between freedom of expression and academic freedom and it is argued that these two concepts of freedom are logically distinct and independent of each other. Also, a distinction between a wide and narrow conception of academic freedom is explored. It is argued that a wide conception of academic freedom should be rejected. An example of a seemingly justified use of the wide conception of academic freedom is explored and rejected. At last it is argued that it is inevitable that some of the teaching and research in theoretical disciplines at universities is not useful or socially relevant in any significant sense but they are important for universities and for those who learn and

teach them. They can also be beneficial for society in general as well.

Keywords: Academic freedom, freedom of expression, function of universities

Inngangur

Fyrst verður fjallað með almennum hætti um hlutverk háskóla og þá sérstaklega í íslensku samhengi en mér virðist nauðsynlegt að gera það til að skilja hvers eðlis akademískt frelsi er. Síðan verður gerð grein fyrir akademísku frelsi og lýst greinarmun á þröngum og víðum skilningi á því. Athugað er hvað getur skert akademískt frelsi með óréttmætum hætti, hvað ógnar því, og því skipt í innri og ytri ógnanir. Að síðustu er vikið aftur að hlutverki og ábyrgð háskóla.

Um sögu og hlutverk háskóla

Háskólar eru lærdómssetur og hafa verið það frá upphafi vega. Hjá Forn-Grikkjum í Akademíu Platons svo að dæmi sé nefnt eða Lykeion Aristótelesar stunduðu lærðir menn samræður um hvaðeina sem þeir töldu mikilvægt hvort sem það var gott líf, gott samfélag, heilbrigði og hreysti, upprunaorsök allra hluta eða framkvæmdu athuganir á dýrum og plöntum eða stjörnum sem skóli Aristótelesar varð frægur fyrir. Grikkland til forna var vagga Evrópumeningar nútímans, sérstaklega þess hluta hennar sem tengist fræðum og vísindum (Lyceum (Classical) 2012; Platonic Academy, 2012). Á hámiðöldum voru fyrstu háskólarnir í nútímamynd stofnaðir, sá elsti Háskólinn í Bologna sem stofnaður var árið 1088. Þessir háskólar voru og eru lærdómssetur eins og skólar Platons og Aristótelesar.

En hvað felst í hugmyndinni um háskóla, hvernig eigum við að svara spurningunni: hvað er lærdómssetur? Það er í raun flóknara en kann að virðast við fyrstu sýn að svara þessum spurningum. Það auðveldar ekki svör við þeim að miklar breytingar eiga sér stað í háskólum samtímans, hér á landi sem annars staðar. En við skulum byrja á því að skoða hvað segir í íslenskum lögum um hlutverk háskóla. Í 2. gr. *Laga um háskóla* nr. 63/2006 segir:

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, varðveislu þekkingar, þekkingarleit og sköpun á sviðum vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hlutverk háskóla er að stuðla að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls. Starf háskóla miðar að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi.

Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Háskólar hafa sjálfðæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt

eru á grundvelli þeirra. Háskólar skulu setja sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna (Alþingi, 2006).

Til að fá fullt yfirlit yfir markmiðssetningu laga um háskóla er rétt að vitna líka til 3. gr. *Laga um opinbera háskóla* nr. 85/2008 en þar segir um hlutverk þeirra:

„Háskóli sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð. Háskóli er miðstöð þekkingar og hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi. Háskóla er heimilt að veita endurmenntun í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans (Alþingi, 2008).“

Athyglisvert er hve ítarlega hlutverki háskóla er lýst í lögum um háskóla. Í þessari grein laganna eru tilgreind nokkur hlutverk háskóla: menntastofnun, varðveisla þekkingar, þekkingarleit, sköpun í vísindum, fræðum, tækniþróun eða listum. Háskóli er einnig miðstöð þekkingar, hluti af alþjóðlegu mennta- og vísindasamfélagi, háskóli stuðlar að uppgötvun, þróun og miðlun þekkingar og hann miðlar færni til nemenda og samfélagsins alls. Háskóli hefur það hlutverk að styrkja innviði íslensks samfélags. Jón Torfi Jónasson (2008) fjallar í bók sinni *Inventing tomorrow's university. Who is to take the lead?* ítarlega um sögulega þróun hlutverks háskóla.

Í lögum um háskóla á Norðurlöndunum eru mjög svipuð ákvæði um hlutverk háskóla og í íslensku lögunum. Lögð er áhersla á starfsemi háskóla í alþjóðlegu samhengi og að til þess sé ætlast að starfsemi þeirra standist strangar alþjóðlegar kröfur. En það er einnig lögð rík áhersla á skyldur háskóla til að sjá til þess að niðurstöður rannsókna í öllum greinum vísinda og lista gagnist samfélaginu. Svo að dæmi sé tekið þá er sérstaklega kveðið á um það í dönsku lögunum um háskóla frá 2009 að niðurstöður úr rannsóknum og kennslu háskóla skuli stuðla að vexti, velferð og þróun í dönsku samfélagi (Folketinget, 2011, 2.gr. 3 mgr).

Mér virðist að þessi ítarlegu ákvæði skyggi kannski á kjarnann í þessu öllu saman. Háskólar eru samfélag lærðra kvenna og karla þar sem sumir eru kennarar eða vísindamenn en aðrir eru stúdentar, hlutverk þeirra fyrrnefndu er að kenna og rannsaka, þeirra síðarnefndu að læra og markmiðið er menntun. Þetta samband kennara og nemenda hefur einkennt starfsemi háskóla frá upphafi vega bæði í Grikklandi til forna og í háskólum miðalda í Evrópu. Það er ekki fyrir en síðar að rannsóknir verða jafn mikilvægar og raun ber vitni í starfsemi háskóla. En hvað þýðir það að háskólar séu samfélag lærðra karla og kvenna? Hvers konar samfélag er það? Það samfélag er öðruvísi en samfélag trúaðra, samfélag stjórnmála eða samvinnufélag af því að það hefur önnur markmið og annars konar markmið. Markmið samfélags trúaðra er að iðka trúna, samfélags um stjórnmál að sækjast eftir völdum, samvinnufélags að stuðla að sanngjörnum viðskiptum. Markmið lærdómssamfélagsins er þekking og menntun þeirra sem taka þátt í því og til að ná því markmiði þá verður að rækta og þjálfva vitsmunadygðir þátttakendanna (Páll Skúlason, 2007) og menn verða að vera skuldbundnir

til að leita sannleikans í hverju máli. Það merkir ekki að allir starfsmenn háskóla hafi alltaf rétt fyrir sér og upp úr þeim renni sannleikurinn tær og ómengaður um hvaðeina sem þeir kjósa að tjá skoðanir sínar. Það væri í reynd ósanngjörn krafa. Hin sanngjarna krafa er að vera skuldbundinn því að leita stöðugt sannleikans og lýsa honum eins og hann birtist. Það er eitt augljósasta einkennið á háskólum að í þeim ríkir ágreiningur meðal iðkenda fræðanna. Það er eðlilegt þegar rannsóknir eru annars vegar og það er ekkert að því að hafa rangt fyrir sér ef það er á heiðarlegum forsendum.

Til viðbótar þessu er ástæða til að taka eftir því að þetta lærdómssamfélag er ekki bara samsafn einstaklinga, það er raunverulegt samfélag þar sem heildin er annað og meira en einstaklingarnir, samfélag þar sem iðkendurnir sameinast í sannleiksleitinni og rökræðan sjálf er ein helstu gæðin. Lifandi rökræða er augljósasta einkenni góðs, lifandi háskóla og það eru sameiginlegir hagsmunir allra sem við hann starfa að leggja eitthvað til hennar. Rökræðan gerir háskóla að lifandi lærdómssamfélagi. Það er svo ýmislegt sem segir okkur að þetta félag þarf að vera reglulega á sama staðnum til að þrífast. Það kann að vera að í framtíðinni verði það mögulegt að það lifi og dafni í hinni rafrænu veröld og auðvitað er það svo að hún er orðinn hluti af hvaða lærdóms-samfélagi sem er hvar sem er í heiminum. En mér sýnist að enn um sinn að minnsta kosti sé lifandi lærdómssamfélag í hinum efnislega veruleika nauðsynleg forsenda fyrir því að hinn rafræni hluti þess gegni hlutverki sínu.

Þetta lærdómssamfélag varðveitir menningu með því að rannsaka hana og rökræða, það varðveitir þekkingu og uppgötvar nýja og það gerir þetta með því að kennarar kenna stöðugt nýjum nemendum aðferðir sem gera þeim kleift að varðveita þekkingu og uppgötva nýja. Sú þekking, sem varðveitt er og uppgötvuð, er á öllum mögulegum sviðum og það er eftirtektarvert að háskólarnir sjálfir eiga samkvæmt íslenskum lögum að ákveða hvaða þekking það er sem fengist er við. En þó eiga þeir að taka mið af þörfum íslensks samfélags hverju sinni og þekkingin og færnin sem stuðlað er að getur ýmist verið starfsmiðuð eða fræðileg og það er líka ástæða til að taka eftir því að sjálfðæmi háskólanna takmarkast af lögum, reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Það er ekki skýrt af lagatextanum hvernig á að skilja samhengi þessa. Hvað ef stjórnvaldsfyrirmælin rekast á vilja háskóla, stjórnvöld vilja að tiltekinn háskóli sinni þekkingu á tilteknu sviði en háskólasamfélagið telur ekki ástæðu til? Það geta legið margvíslegar ástæður fyrir ágreiningi af þessu tagi, það getur verið ólíkt mat á mikilvægi þekkingarsviðs, það getur verið að háskóli telji tiltekið þekkingarsvið ekki rísa undir nafni, þekkingarsvið á borð við dulskynjun, áunnar erfðir, yfirburði íslenskrar sveitamennningar og hins íslenska kyns svo að dæmi séu nefnd. Það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér slíkan árekstur. Hvað ef stjórnvaldsfyrirmælin eru um eitthvað sambærilegt við þau svið sem áður voru nefnd? Það er ekki neitt í lagatextanum sem segir skýrt og ljóslega að sjálfstæði háskólans gangi fyrir öðru og háskólakennararnir og stofnunin í heild skuli ákveða hvað kennt er og beri ábyrgð á því. Því nefni ég þetta að lærdómssamfélag sem verður að hlíta fyrir mælum stjórnvalda um þetta er ekki sjálfstætt, það nýtur ekki þess sem kveðið er á um í lagatextanum. Ágreiningur af þessu tagi væri ekki séríslenskt fyrirbrigði, í löndunum í kringum okkur í norðurhluta Evrópu er stundum tekist á um svipaða hluti. Það er ekkert

óeðlilegt við það að stjórnvöld hafi stundum aðrar skoðanir á mikilvægi hlutanna og viðfangsefnum fræðanna en háskólar. En það er grundvallaratriði að stjórnvöld beiti ekki valdi til að knýja þá til að fara að stjórnvaldsfyrirmælum heldur leitist stöðugt við að semja við þá vilji þau hafa áhrif. Stjórnvöld verða að skilja að hið akademíska samfélag lýtur öðrum lögmálum en samfélag stjórnmalanna og til að samfélagið í heild njóti kosta öflugs akademísku samfélags þá verður það að fá að stjórnast af eigin lögmálum.

Akademískt frelsi

Mikilvægasta lögmál lærdómssamfélagsins er það sem hefur verið nefnt akademískt frelsi. Akademískt frelsi er í raun frelsi háskólakennara til að kenna og rannsaka. Í ívitnuninni áðan í 2. gr. *Laga um háskóla* nr. 63/2006 kom fram að tvisvar sinnum var talað um sjálfstæði og sjálfðæmi háskólanna. Mikilvægt er að átta sig á því að í þessum setningum í lögunum er ekki verið að tala um akademískt frelsi því að akademískt frelsi og sjálfstæði háskóla eru ekki einn og sami hluturinn. Sjálfstæði háskóla felst í því að hann getur sett sér reglur um eigin starfsemi á borð við inntöku stúdenta, prófareglur, námsmatsreglur, gráður og þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hljóta þær, hvaða námsleiðir er boðið upp á, hvaða skilyrði kennarar sem ráðnir eru til starfa þurfi að uppfylla. Allt eru þetta atriði sem háskóli sem stofnun ber ábyrgð á. Í þriðju málsgrein 2. gr. sem áður var vitnað til virðist átt við akademískt frelsi en þar er talað um fræðilegt sjálfstæði háskólakennara sem kveða skuli á um í siðareglum. Akademískt frelsi felst í því að háskólakennarar stjórna því hvaða námskeið eru kennd, hvað er kennt í námskeiðum, hvernig er kennt, hverjir eru ráðnir til starfa og á hvaða sviðum, hvað þeir sjálfir rannsaka og hvernig þeir setja þekkinguna fram. Suma þessara hluta ákveða háskólakennarar í sameiningu eins og hvaða námskeið boðið er upp á og hverjir eru ráðnir til starfa eða þá að þeir framselja ákvörðunarvald um þetta til tiltekinna nefnda.

Til að átta okkur betur á hvað felst í akademísku frelsi er rétt að skoða samþykkt allra íslenskra háskólarektora frá árinu 2005. Í þeirri yfirlýsingu segir að akademískt frelsi feli í sér

...að einstaklingur geti stundað rannsóknir, kennslu, eða nám án óeðlilegrar íhlutunar laga, stofnana, eða félagshópa. Sá sem nýtur akademísku frelssis getur leitað þekkingar og tjáð sannfæringu sína án þess að eiga á hættu að það bitni á starfsöryggi hans eða öðrum mikilvægum hagsmunum.

Akademískt frelsi háskólakennara felur í sér rétt hans til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem hann telur skynsamlegt og í samræmi við kröfur fagsins. Það felur í sér rétt til að meta árangur nemenda á faglegum forsendum, í samræmi við þá stefnu sem deild eða háskólastofnun hefur samþykkt. Akademískt frelsi nemenda felur í sér rétt til að velja námsgrein, komast að eigin niðurstöðum og tjá skoðun sína.

Akademískt frelsi til rannsókna felur í sér rétt til að velja viðfangsefni og aðferðir. Það felur í sér rétt og skyldu til að birta niðurstöður opinberlega,

hverjar sem þær kunna að vera, svo framarlega sem rannsóknin stenst kröfur faglegs jafningjamats.

Akademískt frelsi í háskólasamfélagi felur í sér rétt háskólamanna til að gagnrýna stefnu og starfshætti stofnunar sinnar. Það felur í sér borgaralegan rétt til tjáningar og þátttöku í stjórn- og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á árangursmati, framgangi, eða starfskjörum.

Akademísku frelsi einstaklings fylgir sú ábyrgð að hann starfi af heilindum og gangist undir fræðileg viðmið og taki þátt í mótun þeirra með sannleikann að leiðarljósi. Því fylgir sú skylda að forðast að eigin hagsmunir hafi áhrif á rannsóknarniðurstöður. Akademískt frelsi starfsmanns dregur ekki úr ábyrgð hans á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar sinnar (Páll Skúlason og fleiri, 2005).

Hér er ýmsu mikilvægu til skila haldið um akademískt frelsi en þó er óhjákvæmilegt að gera fáeinar athugasemdir og draga fram aðalatriði. Fyrst má spyrja af hverju tölum við um akademískt frelsi? Það er vegna þess að við erum að tala um frelsi innan akademíu, innan háskólastofnana. Við erum ekki að tala um frelsi sem almenna samfélagsreglu heldur frelsi sem takmarkast af því samhengi þar sem það á við, í háskólum. Akademískt frelsi á fyrst og fremst við um kennara, sérfræðinga og vísindamenn í háskólum. Það felur í sér samband kennara við stúdenta af því að akademískt frelsi nær yfir kennslu og það nær til rannsókna. Það felur í sér samband við eigin stofnun og samstarfsfólk. Í framhaldinu er talað um háskólakennara eins og í yfirlýsingu háskólarektoranna en jafnframt átt við aðra akademíska starfsmenn.

Háskólarektorarnir ræða um akademískt frelsi kennara og nemenda og skýra að ekki er um að ræða sama skilning á akademísku frelsi. Mér virðist óheppilegt að tala um akademískt frelsi stúdenta og kennara. Aðalástæðan fyrir því er sú að akademískt frelsi hlýtur enginn nema hann uppfylli tilteknar þekkingarkröfur og sé í tilteknu sambandi við háskóla. Háskólakennarar eru einungis ráðnir í störf að uppfylltum nokkuð ströngum þekkingarkröfum og þeir verða að lúta þessum þekkingarkröfum í kennslu sinni og rannsóknum. Ef háskólakennari er ráðinn til starfa sem ekki hefur yfirsýn yfir fræðigrein sína eða þann hluta hennar sem hann eða hún er sérfróð um þá verðskuldar hann eða hún ekki að njóta akademísku frelsis. Þetta þýðir einfaldlega að háskólakennari sem uppfyllir formlegar kröfur við ráðningu verður sífellt að vera vakandi yfir því að hann hlíti þekkingarkröfunum í kennslu sinni og rannsóknum. Það er aldrei heimilt að slaka á henni, það er fúsk, og þegar við freistumst til þess erum við að bregðast lærdómssamfélaginu. Mér virðist þessi þekkingarforsenda vera ófrávikjanleg þegar talað er um akademískt frelsi.

Stúdentar eiga þess engan kost að uppfylla sömu kröfur og kennarar sínir en þeir hafa hins vegar frelsi til að velja sér námsgreinar og frelsi til að móta sér skoðanir á þeim viðfangsefnum sem þar eru tekin fyrir en lykilatriðið er að þeir eru að afla sér þekkingar til að geta mótað sér skynsamlegar skoðanir á viðfangsefnum og takist þeim það vel geta þeir komið sér í þá aðstöðu að njóta akademísku frelsis.

Í fyrrgreindri yfirlýsingu er talað um akademískt frelsi einstaklings. Það virðast

tvær ástæður liggja til þess að þetta orðalag er villandi. Í fyrra lagi þá geta engir nema háskólakennarar notið akademísks frelsis ef sá skilningur sem hér er rökstuddur er réttur. Í síðara lagi þá hvílir akademískt frelsi á því að þekkingarkröfur séu uppfylltar og einungis þeir sem uppfylla þær geta notið þess.

Akademískt frelsi og tjáningarfrelsi

Háskólakennarar eru borgarar í samfélagi og njóta þeirra réttinda sem samfélagið hefur komið sér saman um að veita öllum borgurum sínum. Í lýðræðissamfélagi á borð við hið íslenska hafa allir málfrelsi og tjáningarfrelsi og það takamarkast ekki af öðru en hagsmunum annarra, velsæmi og allsherjarreglu. Ég hef leyfi til að segja skoðun mína á hverju sem er svo framarlega sem ég meiði ekki einhvern annan, skaði hagsmuni hans með einhverjum hætti, valdi almennri hneykslun eða almennum óróa, jafnvel ringulreið í samfélaginu. Almennt gildir um frjálslynd nútímasamfélög að leitast er við að túlka frelsisregluna vítt. En nú er ástæða til að taka eftir einu. Þessi frelsisregla sem birtist í mál- og tjáningarfrelsinu gerir engar kröfur um þekkingu. Þær skoðanir sem einstaklingur lætur í ljósi geta verið af öllu tagi, að jörðin sé flöt, bandaríska leyniþjónustan hafi komið af stað eyðnifaraldrinum, að alheimurinn hafi orðið til á sjö dögum fyrir fimm þúsund árum eða að tunglið sé úr osti. Þessi frelsisregla gerir ekki upp á milli þessara skoðana eða annarra sem við ef til vill viljum halda fram. En akademískur starfsmaður sem léti í alvöru þessar skoðanir í ljósi í fyrirlesturum eða umræðum með nemendum sínum gæti með engu móti haldið því fram að akademískt frelsi verndi hann. Ástæðan er sú að þær eru hreinar firrur. Þekkingarleysið sem opinberaðist í staðhæfingum af þessu tagi er svo alvarlegt að enginn háskóli treysti sér til að hafa slíka manneskju í starfi. Þess vegna er mikilvægt að gera skýran greinarmun á tjáningarfrelsi og akademísku frelsi.

Nú gæti hvarflað að einhverjum lesanda að þetta sé ekki sérlega sannfærandi túlkun á tjáningarfrelsisreglunni og þessi munur sem hér hefur verið dreginn á milli akademísks frelsis og tjáningarfrelsis væri því ógildur. Því er til að svara að tveir af merkustu málsvörum tjáningarfrelsisins, Immanuel Kant og John Stuart Mill, skildu regluna með sama hætti og hér hefur verið lýst (Kant, 1993; Mill, 2000). Hún takmarkast einungis af sama frelsi annarra, hagsmunum þeirra og allsherjarreglu. Mill gerir síðan alvarlega athugasemdir við almennt velsæmi sem takmörkun á tjáningarfrelsinu. Onora O'Neill hefur rökstutt greinarmun á þeim siðferðilegu kröfum sem gera ber til samskipta og þeim sem liggja á hinn bóginn að baki tjáningarfrelsinu (O'Neill, 2009). Sú hugmynd er svipuð þeirri sem ég nota til að gera greinarmun á akademísku frelsi og tjáningarfrelsi. Sú lýsing sem hér hefur verið sett fram á tjáningarfrelsinu og takmörkunum þess er ekki sérvíska mín.

En nú er það svo að háskólakennarar taka þátt í opnum umræðum í lýðræðisþjóðfélagi eins og okkar. Það sem meira er þá má líta á það svo að það sé einn liður í að styrkja innviði íslensks samfélags að þeir taki þátt í opnum umræðum um viðfangsefni á sínu sviði eða öðrum sem þeir hafa áhuga á. Í yfirlýsingu háskóla- rektoranna frá 2005 segir að akademískt frelsi feli „í sér borgaralegan rétt til tjáningar og þátttöku í stjórns- og félagsmálum utan háskólans, án þess að það bitni á

árangursmati, framgangi, eða starfskjörum.“ Það er tvennt sem hafa þarf í huga við þessa setningu. Það fyrra er að hér er staðhæfður hlutur sem ætti að vera sjálfsögð sannindi að skoðanir manns og tjáning þeirra á opinberum vettvangi komi ekki niður á möguleikum í starfi nema þær brjóti lög eða almennt siðferði. Að því gefnu að svo sé ekki er ranglátt að hver sem hefur fyrir því að láta skoðanir sínar í ljósi opinberlega, háskólakennarar sem aðrir, gjaldi fyrir þær. Því miður gerist það samt stöku sinnum.

Það síðara sem er ástæða til að taka eftir er að hér er því haldið fram að akademískt frelsi feli í sér óheft tjáningarfrelsi. En hlutunum virðist vera allt öðruvísi farið. Tjáningarfrelsið er óháð því akademíska og öfugt. Í samfélagi þar sem engir væru háskólararnir væri engu akademísku frelsi fyrir að fara þótt þar væri tjáningarfrelsi. Það er alveg hugsanlegt að í samfélagi þar sem ekkert tjáningarfrelsi væri nýtu háskólakennarar akademísku frelsis. Þetta væri rétt hugsanlegt en harla ólíklegt enda væri það óstöðugt ástand. Það hlýtu stöðugt að vakna spurningar um af hverju háskólakennarar hefðu þessi forréttindi að geta sagt skoðun sína á hverju sem er en enginn annar og það er erfitt að einangra háskóla frá öðrum hlutum þjóðlífsins. Það virðist því raunsamband á milli tjáningarfrelsis og akademísku frelsis, hvort styðji hitt í reynd, fremur en rök-samband. En almennt hlýtur að gilda að sé almenna tjáningarfrelsisreglan virt í samfélagi þá styrkir það akademískt frelsi, skapar lifandi vitund um mikilvægi frelsisins eins og Vilhjálmur Árnason bendir á (Vilhjálmur Árnason, 2009).

Hér er ástæða til að víkja aðeins að þekkingarkröfunni og þeirri ábyrgð sem fylgir akademísku frelsi. Það mikilvægasta er að þetta er ekki einföld þekkingarkrafa heldur felur hún miklu meira í sér. Hún snýst ekki einvörðungu um að háskólakennarar verði að fylgjast vandlega með í fræðum sínum og stunda rannsóknir á sínum sérsviðum heldur leggur hún ábyrgð á þá um hvernig þeir afla þekkingar sinnar og bera sig að við að setja skoðanir sínar fram. Það er eðlileg krafa til þeirra að þeir vandi sig við að mynda sér skoðanir, gæti hófs, taki tillit til öndverðra skoðana og raka með þeim, noti framsetningarmáta sem hæfir efninu, meiði engan vísvitandi og séu málefnalegir og blekki ekki eða bjagi viðfangsefnið (Páll Skúlason, 2007). Í kennslu leggur þekkingarkrafa hins akademíska frelsis þá skyldu á herðar háskólakennurum að gæta allra málefnalegra sjónarmiða, leitast við að taka ekki fyrir efni sem kemur viðfangsefni kennslunnar ekkert við og halda fram afdráttarlausum skoðunum sínum um slík efni í viðleitni til að stuðla að því að nemendur tileinki sér þær. Gagnrýnin hugsun er aðalatriði í framgöngu háskólakennara og hún birtist bæði í því hvernig valið er á milli sjónarmiða, hvaða sjónarmið eru ekki talin tæk, hvernig þau eru sett fram og hvernig kennarinn rökstyður sína eigin skoðun, setur fram fyrirvara og veikleika. Í fræðilegum efnum er sjaldan möguleiki á fullvissu og þess vegna er við því að búast að fáar kenningar eða skoðanir séu rökstuddar á þeim forsendum að þær séu skilyrðislaust sannar eða ósannar. Jón Torfi Jónasson (2011) fjallar ítarlega um þennan vanda og verkefni háskólakennara.

Það er í raun skuldbinding háskólakennara til lærdómssamfélagsins sem þeir taka þátt í og móta að haga máli sínu þannig að það leiði til frekari rökræðu, kalli fram nýjar hugmyndir og andsvör, taki tillit til sjónarmiða annarra, fari rétt með þau og geti þeirra. Þess vegna eru persónulegar árásir algerlega ólíðandi í rökræðu, upphrópanir,

útúrslúningar, níð og niðurlæging. Beiti menn þeim í akademískri rökræðu eru þeir að dæma sig úr leik með nægilega alvarlegum hætti til að aðrir geti ekki tekið mark á skoðunum þeirra. Þetta þýðir ekki að akademísk rökræða geti ekki verið átakamikil, stundum er hún það, en hún verður að virða grunnreglur rökræðunnar um að leitað er sannleikans til að beita honum sem rökum til að styðja tiltekna niðurstöðu. Slík leit er aldrei einföld og oft erfið, hún útheimtir þolinmæði, glöggskyggni, nákvæmni og að vera opinn fyrir því að heimurinn geti sífellt komið manni á óvart og því þurfi maður að vera reiðubúinn til að skipta um skoðun. Auðmýkt gagnvart viðfangsefninu er nauðsynleg. Auk þess þurfa háskólakennarar að temja sér skýrleika í framsetningu til að þeim sjálfum sé ljóst hverju þeir halda fram og til að aðrir geti líka áttað sig á því. Gagnrýnin hugsun á að einkenna framgöngu háskólakennara sem eru þar með stúdentum til eftirbreytni. Þetta er það sem ég tel felast í þekkingarkröfunni til háskólakennara.

Víður og þröngur skilningur akademíks frelsis

En aftur að sviði eða yfirgripri hins akademíska frelsis. Það nær yfir kennslu og rannsóknir og þá sem stunda þetta tvennt, háskólakennara og aðra akademíska starfsmenn, við háskóla. En hvað með þátttöku háskólakennara í almennum þjóðmálaumræðum sem háskólaректорarnir tóku dæmi af? Það fyrsta sem þarf að átta sig á til að svara þeirri spurningu er að svara annarri: Hvað fæli það í sér, hvað merkir það að akademískt frelsi gildi um þátttöku í opinberri umræðu? Mér virðist mikilvægt að hafa í huga að akademískt frelsi gildir einungis um þá sem eru háskólakennarar og það er í raun reist á þeim skyldum sem fylgja því starfi eins ég hef lýst þeim. En spurningin er hvort akademíska frelsisreglan leggur kvaðir á háskólakennara utan veggja háskólanna?

Við skulum skoða tvö dæmi. Fyrra dæmið er af háskólakennara sem kallaður er fyrir þingnefnd til að fjalla um kvótafrumvarp og hagfræðilegar afleiðingar þess. Hér er um að ræða vettvang sem er utan háskólans og því spurning hvaða kröfur er eðlilegt að gera til hans eða hennar í þessum aðstæðum. Háskólakennarinn er kallaður til af því að hann hefur sérþekkingu á efninu. Það er eðlilegt að gera þær kröfur til hans um málflutning sem hér hefur verið lýst. Það þýðir alls ekki að hann geti ekki haft skoðanir á því frumvarpi sem um ræðir en honum ber að gera grein fyrir öðrum sjónarmiðum, á hverju þau byggjast, hverju hann hafni og hvað hann samþykki úr þeim og af hverju. Framganga af þessu tagi er eftirsóknarverð fyrir þá sem þurfa að móta stefnu fyrir samfélagið og samþykkja lög til að framfylgja stefnunni vegna þess að hún skýrir mál, málflutningur háskólakennarans varpar ljósi á efnisatriði málsins og gerir öðrum auðveldara að skilja það.

Síðara dæmið er af háskólakennara sem hefur mótaðar skoðanir á þessu tiltekna frumvarpi en ákveður að skrifa grein um það á netinu eða í dagblað. Það kann að vera að málflutningur hans uppfylli þær kröfur sem sjálfsagt er að gera til háskólakennara en það getur líka verið að hann segi bara hálfannleika, dragi augljóslega taum annars deiluaðilans í málinu og sé hlutdrægur, hafi ekki fyrir því að gera grein fyrir sjónarmiðum annarra. Í rauninni vaknar ekki spurning um fyrra dæmið því að þar uppfyllir háskólakennarinn allar eðlilegar kröfur til skynsamlegrar rökræðu en í síðara dæminu

gerir hann það ekki ef gert er ráð fyrir þeirri hlutdrægni sem lýst er. Spurningin sem vaknar er: Er þessi háskólakennari að bregðast skyldum sínum?

Það virðist ranglátt að líta svo á að háskólakennari sem skrifaði grein af þessu tagi væri að bregðast skyldum sínum. Í þjóðmálaumræðum gilda ekki sömu reglur og í fræðilegum skrifum og þess vegna er ekki eðlilegt að gera sömu kröfur til slíkra skrifa og þeirra sem teljast vera fræðileg. Reglurnar eru rýmri í opinberri umræðu en í fræðilegri og óviðeigandi að þröngva fræðilegum viðmiðunum inn í opinbera umræðu. Þar gilda einfaldlega þær reglur sem lög kveða á um og fjölmiðlarnir og lesendur setta sig við. Það þýðir að háskóli getur ekki notað viðmiðanir um skynsamlegar rökraður gegn starfsmanni sínum sem ákveður að taka þátt í stjórnmálaumræðu á þeim forsendum sem tíðkast. Eins og háskólaректорarnir benda á í yfirlýsingu sinni þá hafa akademískir starfsmenn borgaralegan rétt til að tjá skoðanir sínar og stofnunin væri ranglát ef hún léti það koma niður á starfsmanni að hann neytti þess réttar síns. Þær reglur og skyldur sem fylgja akademísku frelsi eiga einvörðungu við akademíska starfsmenn í starfi við kennslu og rannsóknir og þegar til hans eða hennar er leitað sem háskólakennara og sérfræðings. Þá er eðlilegt að gera til hans eða hennar kröfur um ígrundaðar skoðanir og vandaðar röksemdir. Það er svo annað mál að það ætti sennilega að gera ákveðnar kröfur um sanngirni og virðingu við sannleikann í opinberum umræðum í fjölmiðlum eins og O'Neill bendir á (2009, bls. 169), sérstaklega af því að fjölmiðlar, rafræni og á pappír, eru svo mikilvægir fyrir lýðræðið.

Robert Simon (2003, 571-572) heldur því fram að gera verði greinarmun á þröngum skilningi á akademísku frelsi og víðum. Ég hef í reynd haldið fram hinum þrönga skilningi sem gengur út á að akademískt frelsi velti á ráðningarsambandi við háskólastofnun og að þekkingarkrafa sé uppfyllt með þeirri ábyrgð sem ég hef lýst. Reglan verndar háskólakennarann gegn athugasemdum, aðfinnslum og kærnum að því gefnu að hann uppfylli skilyrðin sem hún byggist á. Hinn víðari skilningur á akademísku frelsi segir að það veiti háskólakennurum og stúdentum vernd gegn aðfinnslum og kærnum vegna þátttöku í stjórnmálum eða deilumálum sem eru ekki innan háskólans og koma honum alls ekkert við. Simon nefnir dæmi til að glöggva sig á vandanum. Háskólakennari sem heldur því fram í kennslu að trúarskoðanir sé ekki hægt að rökstyðja skynsamlega kann að hneyksla suma nemendur sína en setji hann þessa skoðun sína fram með skipulegum hætti og byggji hana á rökum, hafni andstæðum skoðunum með rökum, þá er í raun ekkert við þessu að segja. Krafan til háskólakennara um ábyrgð í málflutningi er ekki krafa um skoðanaleysi, heldur hvernig þeir mynda sér skoðanir og halda þeim fram.

En hvað eigum við að segja um háskólakennara sem heldur því fram að ólíkir kynþættir hafi ólíka greind og svartir til dæmis séu marktækt minna greindir en hvítir. Michael Levin, prófessor í heimspeki við City College í New York, hélt þessari skoðun fram í greinum sem hann birti á árunum 1989-1990 og vitnaði til niðurstaðna í viðamiklum mælingum á greind hvítra og svartra. Samband hvítra og svartra er viðkvæmt mál í Bandaríkjunum og svo fór að Levin var ásakaður um að boða kynþáttahyggu. Hann var ekki sakaður um að halda þessum skoðunum fram í kennslu og heldur ekki um að sýna svörtum stúdentum lítilsvirðingu í umgengni við þá. Yfirmenn háskólans

gripu til þess ráðs að svipta hann yfirráðum yfir skyldunámskeiði sem hann kenndi og þau gáfu stúdentum kost á að ljúka hluta þess með öðrum hætti en hjá Levin. Spurningin sem vaknar um þetta dæmi er hvort akademíska frelsisreglan verndar háskólakennarann sem í hlut á. Hann er ekki að halda þessum skoðunum fram í kennslu heldur á opinberum vettvangi sem líta má á sem framlag til rökraðu um mikilvægt mál. Levin fór í mál við yfirvöld háskólans og niðurstaðan var sú að þeim var óheimilt að refsa honum með því að svipta hann yfirráðum yfir námskeiði sínu. Rétturinn komst að þessari niðurstöðu á þeirri forsendu að tjáningarfrelsi Levins hafi verið skert með óréttmætum hætti af yfirvöldum háskólans (Simon, 2003, 573-574). Helstu rökin fyrir niðurstöðunni virðast vera þau að Levin uppfyllti allar kröfur sem gera ber til skynsamlegs málflutnings, hann notaði viðurkennd gögn, dró af þeim ályktanir án þess að gera minnstu tilraun til að gera lítið úr eða níða þá hópa sem málið snerti. Þess vegna verndaði tjáningarfrelsisreglan hann í þessu tilviki, ekki hið akademíska frelsi. Það er svo önnur saga að deila má um þær skoðanir sem Levin hélt fram.

Ógnir við akademískt frelsi

Til að átta okkur betur á hinu akademíska frelsi er rétt að huga að ógnum við það. Hvað getur skaðað það eða eyðilagt? Það má skipta þeim í ytri og innri ógnir (Kenny, 1985). Ytri ógnir akademísku frelsis geta verið stjórnvöld, hugmyndafræði eða markaðsöfl svo að nefnd séu þau sem mestu máli skipta.

Tuttugasta öldin var gjöf full tími fyrir hugmyndafræði sem tókst að eyðileggja samfélög og heila heimshluta. Þau þrettán ár sem þýski nasistaflokkurinn var við völd í Þýskalandi nægðu til þess að eyðileggja háskólakerfi landsins sem var eitt það glæsilegasta í heiminum. Hugmyndafræðin sem náði tökum á Rússlandi og var síðan þvinguð upp á Austur-Evrópu eftir heimstyrjöldina síðari hafði áhrif í lengri tíma bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum. Akademískt frelsi var ósamrýmanlegt þessari hugmyndafræði sem gekk út á að kommúnistaflokkurinn stjórnaði öllu samfélaginu og fara skyldi að vilja hans.

Á síðustu áratugum hafa markaðsöflin sótt í sig veðrið með leyndum og ljósum stuðningi stjórnmalamanna og alþjóðastofnana. Það kemur fram í því að fyrirtæki eru nú reiðubúnari að fjármagna rannsóknir en áður var og sjá sér hag í því að hafa aðgang að niðurstöðum þeirra. En jafnvel þótt fénu fylgi ekki skilyrði þá er engin trygging fyrir því að stórfyrirtæki nýti ekki möguleika sem skapast við það að veita fé til háskólarannsókna á því að hafa áhrif á birtingu niðurstaðna og framgöngu háskólakennara í krafti hótana um að fjárstuðningur verði dreginn til baka. Það er því ráðlegt að háskólar fari varlega í umgengni sinni við markaðinn.

En það eru ekki bara stjórnvöld sem sækjast eftir alræði sem eru óvinir akademísku frelsis. Þetta getur líka átt við lýðræðislega kjörin stjórnvöld (Graham, 2005, 165-166). Lýðræði er stjórnskipun þar sem lýðurinn ræður, allt vald er komið frá honum. Í nútímanum eru það stjórnvöld í flestum löndum heims sem greiða fyrir háskólana. Það er ekkert sjálfgefið að lýðurinn sé alltaf reiðubúinn að setja fé í háskóla. Hvaða máli skiptir það fyrir almenning hvort efnið er gert úr atómum eða strengjum? Hvaða

máli skiptir það fyrir almenning hvað Foucault sagði um þróun fangelsa? Því í veröldinni skyldi almenningur borga brúsann fyrir rannsóknir af þessu tagi eða aðrar svipaðar? Því skyldi almenningur greiða fyrir stofnanir sem hafa það að meginreglu að fá að vera í friði fyrir honum og stjórnámálamönnum og gera það sem þeim sýnist best, ekki það sem almenningi sýnist best eða stjórnámálamönnum sýnist best. Af hverju á lýðurinn að hafa áhuga á þekkingu og skilningi á heiminum? Ef almenningur hefði ímugust á lærdómi og þekkingu þá hlytu lýðræðislega kjörnir stjórnámálamenn að taka mark á því. Rétt eins og það er helsti styrkur lýðræðisins að vilji lýðsins ræður á endanum þá getur það verið helsti veikleiki þess um leið. Lýðræðið gæti auðveldlega farið sömu leið gagnvart háskólunum og alræðið.

Ef við lítum okkur nær þá eiga íslenskir háskólar við að etja sérstök vandamál vegna þess hve stjórnámálmenning í landinu er óþroskuð og frumstæð. Þetta kemur berlegast fram í viðbrögðum sumra stjórnámálanna þegar háskólakennarar setja fram skoðanir í umdeildum málum sem passa ekki einhverjum stjórnámálflokkum. Fyrir nokkru síðan setti íslenskur stjórnámálafræðingur fram hvassar skoðanir á tilteknum íslenskum stjórnámálflokki í blaðgrein. Viðbrögðin við greininni voru þau að það þyrfti að reka manninn úr stöðu sinni hið bráðasta. Við aðstæður á borð við þessar skiptir miklu máli að háskólar eru sjálfstæðar stofnanir og þetta sjálfstæði er vörn hins akademíska starfsmanns. Það er til allrar hamingju svo að íslenskir stjórnámálamenn ráða því ekki lengur hverjir eru ráðnir eða reknir við íslenska háskóla en það er ástæða til að muna eftir því að það eru ekki nema rétt ríflega tuttugu ár síðan íslenskir háskólar fengu það vald óskorað (Svanur Kristjánsson, 2012, bls. 332-333). Ofurvald stjórnámálanna á íslensku þjóðlífi hefur linast á síðustu áratugum. En viðbrögð af þessu tagi geta augljóslega haft þau áhrif að háskólakennarar forðast það að setja fram skoðanir sem eru líklegar til að verða umdeildar í stjórnámálaumræðu. Þar með glatast ein leiðin fyrir háskólana til að styrkja innviði íslensks samfélags.

Hin tegund ógnar akademísku frelsis er innri ógn. Mér virðist hún geti verið af fernu tagi. Í fyrsta lagi yfirvöld háskólanna sjálfra, í öðru lagi háskólakennararnir sjálfir, í þriðja lagi stúdentar og í fjórða lagi regluverk sem þrengir að frelsinu. Það kemur kannski á óvart að nefna þessa innviði háskólanna sem mögulega ógn við akademískt frelsi en hér á eftir mun ég útskýra hvað ég á við.

Þau yfirvöld háskólanna sjálfra sem hér koma til álitu eru yfirstjórnir stofnana, sviða og deilda. Spurningin er þessi: Hvaða kröfur gerir akademískt frelsi til þessara yfirvalda innan veggja háskólanna sjálfra? Mér virðist krafan til þessara yfirvalda vera sú að þau séu hlutlaus um viðfangsefni háskólakennaranna (Simon, 2003, 575-578). Þetta þýðir að háskólayfirvöld taka ekki afstöðu til þess hvernig ber að skilja orsakalögmál, hver er skynsamleg afstaða til fóstureyðinga, hvaða stjórnámálflokkar eru þess verðir að þeir séu rannsakaðir, hvort greind er einn hæfileiki eða margir, hvort kvótakerfið í sjávarútvegi sé þjófnauður af þjóðinni eða þjóni almannaheill með því að skapa útgerðinni arðvænleg skilyrði. Ég nefndi fyrr að óviðunandi væri ef yfirvöld háskólastofnana refsuðu háskólakennurum fyrir afstöðu sem þeir létu í ljósi sem borgarar. Hér snýst málið um viðfangsefni háskólakennaranna sjálfra í rannsóknum sínum og það er engin krafa um að þeir sjálfir séu hlutlausir um þau enda er það

einfaldlega hluti af því að sinna kennslu og rannsóknum í háskóla að móta sér rökstuddar skoðanir á margvíslegum álitamálum í fræðunum. En af hverju er eitthvað að því að yfirvöld háskóla taki afstöðu í slíkum ágreiningsefnum, af hverju eiga þau að vera hlutlaus? Aðalástæðan er þessi: Ef háskólayfirvöld taka að beita sér í álitamálum í þeim fræðum sem stunduð eru í stofnuninni er óhjákvæmilegt að rannsóknir og kennsla á þeim sviðum skaðist. Þeir kennarar sem væru ósammála opinberum skoðunum háskólans væru ólíklegir til að láta sínar skoðanir óhræddir í ljósi af ótta við mögulegar afleiðingar. Á ekkert allt of löngum tíma yrði háskólinn áróðursstofnun svipuð þeim hugveitum sem vinsælar eru í nútímanum og leitast við að rökstyðja eina skoðun en ekki rannsóknarstofnun þar sem ólíkar skoðanir fá að takast á. Ég held að þetta sé mikilvægasta ástæða þess að yfirvöld háskóla, svið og deildir eigi undir engum kringumstæðum að taka afstöðu í álitamálum í fræðilegum efnum.

Háskólakennarar geta misnotað frelsi sitt og þar með ógnað akademísku frelsi. Það getur gerst með ýmsum hætti. Háskólakennari getur boðað tiltekna hugmyndafræði í kennslu sinni, hann getur misboðið stúdentum, lagt þá í einelti, metið verkefni og próf á óviðeigandi forsendum.

Stúdentar geta líka misnotað frelsi sitt í háskóla. Hér á árum áður gerðist það reglulega í háskólum Evrópu og Norður-Ameríku að stúdentar lögðu kennara í einelti fyrir skoðanir sem þeir höfðu haldið fram og meinuðu öðrum stúdentum aðgang að fyrirlestrum þeirra. Sömuleiðis hafa stúdentar stundum haft uppi hávær mótmæli gegn fyrirlesurum sem boðnir hafa verið að háskólum og jafnvel komið í veg fyrir slíka fyrirlestra. Mótmæli eru engin ógn við akademískt frelsi en þegar gengið er lengra og komið í veg fyrir fyrirlestra, kennslu eða annað háskólastarf þá hefur verið farið yfir þá línu sem á að vernda akademískt starf.

Síðasta tegund innri óvinnar akademísku frelsis er regluverk sem er of þröngt og strangt. Það verður að segjast eins og er að regluverk í íslenskum háskólum hefur löngum lítt íþyngt háskólakennurum fyrr en þá kannski á síðustu árum. Ýmsir háskólakennarar telja að vinnumatskerfi sem nú er í gildi þrenგი óþarflega að þeim og stýri vinnu þeirra. Til skamms tíma var engum skráðum reglum til að dreifa um vanhæfni í rannsóknum eða kennslu sem kváðu á um það hvenær háskólakennarar á Íslandi hefðu brugðist því trausti og kunnáttukröfum sem hið akademíska frelsi byggist á. Það er ekki fyrr en nýlega að síðareglur hafa verið settar í íslenskum háskólum. Nú hafa allir íslenskir háskólar nema Listaháskóli Íslands sett sér síðareglur og í þeim er lýst kröfum sem eðlilegt er að gera til háskólakennara en það er ekki komin næg reynsla af beitingu þessara reglna til að hægt sé að fullyrða hvaða áhrif þær hafi. En þó er óhætt að segja að þótt regluverk af þessu tagi sé eðlilegt og sjálfsagt þá getur það þrenგი um of að háskólakennurum en það er ekki augljóst eða einfalt hvar á að draga línuna.

Ábyrgð háskóla

Það síðasta sem ég ætla að víkja að er samfélagsleg ábyrgð háskóla. Í upphafi vitnaði ég í lög um háskóla og þar kom fram að þeir eiga að hafa það að markmiði að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti og menntunin sem þeir

veita á að taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni (Alþingi, 2006). Þetta er ein sýn á það hverjar geta verið skyldur háskóla við samfélag sitt en það veltur á miklu hvernig þetta er skilið. Það er eðlilegt að setja fram spurningar um þessi ákvæði laganna: Á öll menntun sem háskólar veita að uppfylla það skilyrði að hún taki mið af þörfum samfélagsins hverju sinni? Á öll starfsemi háskóla, kennsla og rannsóknir, að miða að því að styrkja innviði íslensks samfélags? Hvað merkir það að taka mið af þörfum samfélagsins hverju sinni? Hvað merkir það að styrkja innviði íslensks samfélags?

Þessum spurningum er ekki einfalt að svara svo vel sé en einn skilningurinn gæti verið þessi: Í þessum ákvæðum felst ákveðin nýjakrafa til menntunar, rannsókna og kennslu í háskólum. Það merkir að allar námsleiðir, námskeið og rannsóknir verður að rökstyðja á þeim forsendum að þær komi einhverjum í samfélaginu að gagni eða samfélaginu í heild. En hvað felst í því að eitthvað gagnist einhverjum? Einn skilningurinn gæti verið sá að einhver hagnist á því peningalega. Það er ekki ástæða til að eyða löngu máli í að sýna fram á að þessi skilningur gengur ekki. Gagn er víðara hugtak en hagnaður en jafnvel þótt einhver háskóli hagnaðist sjálfur af hluta starfsemi sinnar þá er ekki þar með sagt að sú starfsemi skólans sé til gagns fyrir hann sjálfan eða nokkurn annan. Það er bara einhver tilbúinn að greiða fyrir hana.

Annar skilningur gæti verið sá að háskólakerfið í heild leitaðist við að taka mið af þörfum samfélagsins og stýrði framboði náms með það í huga en stúdentar tækju síðan ákvörðun um hvort þeir hefðu áhuga á náminu. Nú veltur töluvert á því hvað felst í stýringunni. Ég get ekki séð neitt að því að háskólar taki tillit til samfélagsþarfa við framboð náms. En námsframboð háskóla getur ekki miðast við samfélagsþarfir á hverjum tíma. Háskóli sem tekur hlutverk sitt alvarlega hlýtur að miða námsframboð sitt við að námið dugi stúdentum út starfsævina og geri þeim kleift að endurnýja þekkingu sína þegar þörf er á. Það eru því ekki samfélagsþarfirnar á hverjum tíma sem miða verður við heldur samfélagsþarfir eins og þær líklega þróast næstu áratugin.

Jafnframt verðum við að taka eftir því að sumt af því sem boðið er í háskóla miðast ekki við samfélagsþarfir en er nauðsynlegt engu að síður. Það er þörf í nútíma samfélagi fyrir kunnáttu í tungumálum svo að dæmi sé tekið en það er kannski ekki brýn samfélagsþörf sem réttlætir kennslu í latínu, þýskum bókmenntum eða enskum. Nám af þessu tagi sem í boði er við háskóla réttlætist af því að það hefur gildi í sjálfu sér. Þekking á skipulagi íslenskra miðaldaklaustra, á heimspeki Platons eða hagfræðikenningu Keynes, svo að dæmi séu tekin, hefur gildi í sjálfri sér og það er verðmætt fyrir íslenskt samfélag að einhverjir öðlist vitneskju á þessum sviðum. En ég er ekki endilega sannfærður um að þessi þekking sé gagnleg, styrki innviði íslensks samfélags eða fullnægi samfélagsþörf. Nema það eigi að skilja lagatextann þannig að öll þekking svali samfélagsþörf, styrki innviði íslensk samfélags og stöðu þess. En þá er lagatextinn eiginlega merkingarlítill og gefur okkur fáar upplýsingar um raunverulegar skyldur íslenskra háskóla við eigið samfélag eða skyldur háskóla almennt við eigið samfélag.

Mér virðist einfaldara að líta svo á að skyldur háskóla og háskólakennara við samfélagið séu í sem allra stystu máli þær að sinna hlutverki sínu eins vel og kostur er, leggja sig fram í kennslu, rannsaka það sem þeir hafa áhuga á að rannsaka og miðla

eigin þekkingu til samfélagsins af gagnrýninni yfirvegun. Akademískt frelsi tryggir að háskólakennarar geti gert þetta eins vel og kostur er, það lærdómssamfélag sem þeir mynda skilar samfélaginu sem greiðir fyrir allt saman þeirri þekkingu, skilningi og menntun sem stúdentar leita eftir og samfélagið hefur raunverulega þörf fyrir. Allt starf háskólakennara er barátta við fáfræði, fordóma og heimsku sem finna má í öllum samfélögum á öllum tímum. Menntunin, þekkingin og skilningurinn eru ótvíræð samfélagsgæði í þeirri merkingu að þau bæta samfélagið allt, gera hverju samfélagi mögulegt að lifa og starfa með þeim hætti að einstaklingarnir geta notið fleiri gæða sem lífið býður en ella. Auðvitað er það mögulegt að hugsa sér nútímasamfélag án háskóla en það er ekki hægt að ímynda sér það án þekkingar, skilnings og menntunar. Samfélag nútímans er stundum nefnt þekkingarsamfélag og margt af því sem verðmætast er í því byggir á þekkingu sem aflað er í háskólum. En væru engir slíkir fyrir hendi leituðust aðrir við að taka við hlutverki þeirra. En þá er rétt að benda á að háskólar eru lífseigir og langlífir sem segir að þeir gegni raunverulegu, varanlegu hlutverki í samfélagi manna. Það er ekki auðvelt að átta sig á hvert það er en akademískt frelsi háskólakennaranna er einn mikilvægur innviðurinn í því hlutverki.

Aftanmálgreinar

- 1 Þessi grein er unnin upp úr fyrirlestri sem ég flutti á ráðstefnunni Íslensk þjóðfélagsfræði við Háskólann á Akureyri 20.4.2012. Ég þakka þeim sem ræddu við mig um efni lestursins og sérstaklega tveimur yfirliturum tímaritsins sem bentu mér á ýmislegt sem betur mátti fara.

Heimildir

- Alþingi. (13. júní 2006). *Lög um háskóla*. Reykjavík: Alþingi.
- Alþingi. (12. júní 2008). *Lög um opinbera háskóla*. Reykjavík: Alþingi.
- Folketinget. (2011). *Bekendtgørelse af lov om universiteter (universitetsloven)*. Sótt frá <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=137835>
- Graham, G. (2005) *The institution of intellectual values*. Imprint Academic: Exeter.
- Jón Torfi Jónasson (2008) *Inventing tomorrow's university. Who is to take the lead?* Bologna: Bononia University Press.
- Jón Torfi Jónasson. (2011). Háskólar og gagnrýnin þjóðfélagsumræða. *Ritid*, 47-64.
- Kant, I. (1993). Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing? (Anna Þorsteinsdóttir og Elna Katrín Jónsdóttir þýddu). *Skírnir*, 379–386
- Kenny, A. (1985) *The ivory tower. Essays in philosophy and public policy*. Oxford: Basil Blackwell.
- Lyceum (Classical)*. (2012) Sótt 9. október frá Wikipedia: [http://en.wikipedia.org/wiki/Lyceum_\(Classical\)](http://en.wikipedia.org/wiki/Lyceum_(Classical))
- Mill, J. S. (2000). *Frelsið* (Þorsteinn Gylfason og Jón Hnefill Aðalsteinsson þýddu). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- O'Neill, O. (2009). Ethics for communication? *European Journal of Philosophy*, 167–180.
- Páll Skúlason. (2007). Kreppa háskóla og kjarni háskólastarfs. *Skírnir*, 381–405.
- Páll Skúlason, Runólfur Ágústsson, Ólafur Proppé, Hjálmar H. Ragnarsson, Skúli Skúlason, Guðfinna Bjarnadóttir og Þorsteinn Gunnarsson (2005). *Yfirlýsing um forsendur og frelsi háskóla*. Sótt frá <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/frettir/tr/22768/>
- Platonic Academy*. (2012). Sótt 9. október frá Wikipedia: http://en.wikipedia.org/wiki/Platonic_Academy
- Simon, R. L. (2003) Academic freedom. Í R. Curren (ritstjóri) *A companion to the philosophy of education* (Bl. 569–582). Blackwell: Malden MA.

- Svanur Kristjánsson. (2012). Brothætt lýðræði. Valdsmenn í sókn. *Skírnir* 186(2), 303-337.
- Vilhjálmur Árnason. (2009). Árvekni eða auðsveipni. Hlutverk hugvísindamanna í samfélagsumræðu. *Ritið*, 21–34.